


Alþingi
Erindi nr. P 128, 1932
komudagur 13.4.2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Reykjavík 13. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún gæfi umsögn um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., 714. mál. Umsögn Þjóðhagsstofnunar fylgir hér með.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar kveður á um heimild til ríkisábyrgðar á útgáfu deCODE Genetics Inc., móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónum dollara til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjapróunar. Þjóðhagsstofnun álfur að ríkisábyrgð á skuldum einkaaðila og fyrirtækja almennt sé vandmeðfarin og megi einungis réttlæta á hagfræðilegum forsendum í sérstökum undantekningartilfellum. Ríkisábyrgð heftir „hönd markaðarins” og skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja. Fjármagn og vinnuafli leita í meira mæli til fyrirtækja sem njóta ríkisábyrgðar í stað þess að taka einvörðungu mið af því sem hagkvæmast er hverju sinni. Að jafnaði er við því að búast að ríkinu takist verr upp en fjárfestum sem leggja eigið fé að veði og hafa nánari þekkingu á atvinnustarfseminni.

Í undantekningartilfellum má réttlæta ríkisaðstoð til fyrirtækja á grunni markaðsbresta, þ.e. að markaðir nái illa til allra þeirra verðmæti sem í húfi eru. Á þessum grunni má til dæmis réttlæta afskipti af umhverfismálum. Í því tilfelli sem hér er til skoðunar verður á hinn bóginn ekki séð að slíkir markaðsbrestir séu meiri en það sem gerist víða annars staðar í hagkerfinu. Vegna þess að í því tilviki sem hér um ræðir er um að ræða erlent fjármagn er afleiðingin fyrir íslenskt hagkerfi fyrst og fremst sú að hætta er á að vinnuafli, en raunar aðrir framleiðsluþættir hugsanlega einnig séu notaðir í starfsemi sem ekki hámarkar nýtingu þeirra. Niðurstaðan er að líkum lægra framleiðslustig og lakari lífskjör til lengdar. Almennari aðgerðir sem ekki skekkja samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, t.d. þær sem snúa almennt að rekstrarumhverfi fyrirtækja, vinnuumhverfi einstaklinga og eflingu menntunar og rannsókna, eru líklegri til að efla þjóðarhag.

Reikna má með að ríkisábyrgðin leiði til þess að vaxtakostnaður af þeim skuldabréfum sem um ræðir verði lægri en ella. Áhrif ríkisábyrgðar á vaxtakostnað má rekja til möguleikans að starfsemin gangi ekki sem skyldi og deCODE Genetics geti ekki greitt skuldarnar á gjalddaga að fullu. Þá kemur til greiðslu úr ríkissjóði. Fjárhæð þeirra skuldabréfa sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkisábyrgðin nái til er ekki það há að búast megi við að ríkisábyrgðin hafi út af fyrir sig áhrif á lánshæfis-einkunn íslenska ríkisins. Hins vegar er hún vafalítið neikvæður þáttur við mat á lánshæfi og gæti með öðrum þáttum haft áhrif á einkunnina. Auk mögulegra beinna áhrifa ríkisábyrgðar á stöðu ríkissjóðs og óbeinna áhrifa á framleiðslustig er óvissu háð hvort lánshæfismatsfyrirtækin líta á ríkisábyrgðina sem merki um vilja ríkisins til meiri beinna afskipta af atvinnulífinu en áður.

Ef svo fer að starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjapróunar gengur vel þá getur afraksturinn orðið verulegur enda þótt ríkissjóður muni ekki njóta þess nema á óbeinan hátt. Miðað við almenna reynslu í lyfjapróunariðnaðinum mun þó væntanlega

líða mjög langur tími uns það kemur í ljós, mun lengri en líftími þeirra skuldabréfa sem ríkisábyrgðinni er ætlað að tryggja. Þá er rétt að hafa í huga að lánveitendur, sem og aðrir fjárfestar, taka möguleikann á góðum árangri til greina við mat á hvort veita eigi fé til fyrirtækisins, ekki síður en ríkið, og því gefur sá möguleiki ekki sérstakt tilefni til ríkisábyrgðar.